

Heimavellir hf.

Aðalfundur

Stjórn Heimavalla hf. boðar til aðalfundar í félaginu og verður hann haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík fimmtudaginn 12. mars 2020. Fundurinn hefst stundvíslega kl. 15:00 á annarri hæð í sal I og H, húsið opnar kl. 14:30.

Á hluthafafundum félagsins fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess. Stjórnarkjör skal þó jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal um. Varðandi heimild til að krefjast hlutfalls- eða margfeldiskosningar við kjör stjórnarmanna visast til 5. mgr. 18. gr. samþykkt félagsins. Krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu þarf að hafa borist stjórn að lágmarki fimm sólarhringum fyrir hluthafafund, eða fyrir klukkan 15:00 laugardaginn 7. mars 2020. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Ósk hluthafa um að fá að taka skriflega þátt í atkvæðagreiðslu, og fá þannig sendan atkvæðaseðil, skal hafa borist félaginu eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund. Hægt er að skila atkvæðaseðlum rafrænt til fjárfestatengils eða skila til skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma (kl. 09:00 til 15:00) til og með miðvikudeginum 11. mars 2020. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á heimasíðu félagsins.

Hluthafar eiga rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til stjórnar, sem berast skal skriflega eða rafrænt til fjárfestatengils í síðasta lagi kl. 14:30 þriðjudaginn 2. mars 2020. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekið fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærð á vefsvæði félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hluthafar geta einnig á aðalfundinum sjálfum lagt fram spurningar er varða auglýsta dagskrárlíði.

Sérstök athygli er vakin á því að samkvæmt samþykktum félagsins ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst 5 sólarhringum fyrir fundinn eða fyrir kl. 15:00 laugardaginn 7. mars 2020. Framboðum skal skila á skrifstofu Heimavalla hf. í Lágmúla 6, 108 Reykjavík (b.t. Erlendar Kristjánssonar, fjárfestatengils). Upplýsingar um framboð til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund sbr. 4. mgr. 18. gr. samþykkt félagsins auk þess sem þær verða aðgengilegar á vefsíðu félagsins: www.heimavellir.is/is/fyrir-fjarfesta/hluthafafundur.

Aðalfundur er lögmatúr ef löglega er til hans boðað án tillits til þess hversu margir sækja hann sbr. 12. gr. samþykkt félagsins. Aðalfundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn og atkvæðaseðlar, sem verða afhent á fundarstað, einnig á íslensku.

Hluthafar, umboðsmenn og ráðgjafar þeirra hafa rétt til að sækja hluthafafundi í samræmi við reglur hlutafélagalaga. Umboðsmönnum ber að framvísa skriflegu, vottuðu og dagsettu umboði frá hluthafa (sjá umboðsform á heimasíðu Heimavalla www.heimavellir.is/is/fyrir-fjarfesta/hluthafafundur). Slík umboð geta lengst gilt í eitt ár frá dagsetningu þeirra.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 14:30 á fundardegi.

Tilkynningar um framboð til stjórnar eða óskir um að fá ákveðin mál tekin til meðferðar skal senda á fjárfestatengil Heimavalla, Erlendur@Heimavellir.is. Framboðseyðublað má finna á vefsíðu félagsins www.heimavellir.is/is/fyrir-fjarfesta/hluthafafundur.

Gögn vegna fundarins eru aðgengileg á skrifstofu félagsins í Lágmúla 6, 108 Reykjavík og á vefsvæði tengdu aðalfundi á heimasíðu félagsins: www.heimavellir.is/is/fyrir-fjarfesta/hluthafafundur, en endanleg dagskrá, tillögur og eyðublöð verða aðgengileg a.m.k. 14 dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík 13. febrúar 2020
Stjórn Heimavalla hf.

heimavellir.is

Dagskrá

Drög að dagskrá fundarins er svohljóðandi, sbr. 14. gr. samþykkt félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um rekstur félagsins sl. starfsár
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt athugasemdum endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps á liðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjara- stefnu lögð fram til staðfestingar.
5. Stjórnarkjör
6. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
7. Tillaga um þóknun til stjórnarmanna og undirnefndar stjórnar fyrir komandi starfsár.
8. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár.
 - a. Lækkun hlutafjár með lækkun á eigin hlutum
 - b. Lækkun hlutafjár með greiðslu til hluthafa
9. Heimild stjórnar til að kaupa eigin hluti í félaginu í því skyni að setja upp formlega endurkaupa- áætlun, gera tilboð til hluthafa eða kaupa hluta eigin hlutabréfa í einum viðskiptum. Heimild stjórnar skal að hámarki gilda í 14 mánuði og takmarkast að hámarki við 10% af hlutafé félagsins.
10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

